

Atvinnuveganefnd

Nefndasvið Alþingis (nefnadasvid@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Loðmundarstaðir, 26. maí 2016

Efni: Umsögn Samtaka ungra bænda um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum o.fl., 680. mál, þskj. 1108, 145. löggjafarþing 2015–2016.

Inngangur

19. febrúar 2016 undirrituðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands og forystumenn bænda nýja búvörusamninga. Samningarnir voru að því loknu bornir undir bændur í atkvæðagreiðslum þar sem þeir allir hlutu samþykki.

Í samningunum eru stigin mikilvæg skref í átt að öflugri landbúnaði og ættu að stuðla að aukinni nýsköpun og nýliðun.

Greiðslumark

Svohljóðandi ályktun var samþykkt á aðalfundi SUB 2016:

„Aðalfundur samtaka ungra bænda (SUB) haldinn á Hótel Sögu, Reykjavík 27. febrúar 2016 fagnar þeirri niðurstöðu samninganefndar bænda og samninganefndar ríkisins að greiðslumarkskerfi í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu verði aflagt. Um leið og það er gert verður að tryggja rekstrargrundvöll þeirra bænda sem hafa spilað eftir gildandi leikreglum og fjárfest í greiðslumarki.“

Í nýjum búvörusamningum eru gerðar allnokkrar breytingar á starfsumhverfi bænda.

Samtök ungra bænda hafa áður ályktað um að leggja ætti niður greiðslumarkskerfi sem hefur verið við lýði. Greiðslumarkskerfið er stór hindrun fyrir þá sem hafa áhuga á því að reyna fyrir sér í landbúnaði. Þá er það til þess fallið að færa fjármuni út úr greininni í formi vaxtagreiðslna af lánnum sem tekin eru til kaupa á greiðslumarki.

Í nýjum samningum er sú stefna mörkuð að hverfa skuli frá greiðslumarkskerfinu. Þetta telja SUB jákvætt skref þó sá tími sem fyrirhugaður er til niðurtröppunar greiðslumarksis sé óþarflega langur. Þrátt fyrir það skiptir mestu máli að markmiðin eru skýr og allir vita hvert er stefnt.

Nýliðun

Sú jákvæða breyting er gerð í nýjum samningum að ákvæði um nýliðunarstuðning er ekki lengur bundið við búgreinar heldur haft í rammamarksamningnum. Þannig verður nýliðunarstuðningurinn óháður búgreinum og jafnt aðgengilegur þeim sem ætla að stunda sauðfjárrækt eða mjólkurframleiðslu og þeim sem vilja stunda annars konar landbúnað.

Þó framlög til nýliðunar séu aukin í nýjum samningum telja SUB að gera mætti enn betur, enda er nýliðun góð ráðstöfun fjármuna.

Samtök ungra bænda hafa þegar hafið vinnu við mótun reglna um úthlutun nýliðunarstuðnings og vænta þess að verða kölluð til þegar sú vinna hefst af hálfu stjórnvalda.

Önnur atriði

Þótt framlög til lífrænnar ræktunar séu tífölduð í nýjum samningum er það hvergi nærri nóg. Íslandi hefur mistekist að fylgja nágrannabjóðum eftir þegar kemur að lífrænni framleiðslu. Þrátt fyrir að flestir séu sammála um að eftirspurnin eftir lífrænum matvælum sé raunveruleg þá hefur engin aukning átt sér stað.

Engin raunveruleg stefna er mörkuð í nýjum samningum af hálfu bænda né stjórnvalda þegar kemur að lífrænni ræktun. Aðrar þjóðir hafa sett sér markmið um að ákveðið hlutfall framleiðslu skuli orðin lífræn fyrir ákveðinn tíma, eitthvað sem SUB telur að hefði verið æskilegt fyrir íslensk stjórnvöld og bændur að gera, ef raunverulegur vilji er til að auka lífræna framleiðslu.

SUB fagna ákvæði um að þak sé sett á gripafjölda sem hægt er að fá greitt út á. Ákvæðið styður við það markmið að viðhalda fjölskyldubúskap án þess þó að vera of íþyngjandi fyrir þá sem vilja auka framleiðslu.

Lokaorð

Samtök ungra bænda telja að nýir samningar milli stjórnvalda og bænda verði bændum og neytendum til hagsbóta. Í þeim er mörkuð stefna sem fellur vel að þeim málum sem samtökin hafa helst beitt sér fyrir, s.s. nýliðun og breytingum á greiðslumarkskerfi.

Virðingarfyllt,

Einar Freyr Elínarson

Formaður Samtaka ungra bænda